

9. okt.

7. gr. laganna verði þannig:

Nú er einhver þeirra, sem um ræðir í 1. og 2. gr., á förum af landi burt, og skal honum þá skylt að tilkynna hlutaðeigandi skattstofu eða skattanefnd um það, með a. m. k. einnar viku fyrirvara. Sé kaupgreiðanda kunnugt um brottförina, ber honum einnig að tilkynna hana framangreindum aðilum. Jafnframt gefur kaupgreiðandi skattstofu eða skattanefnd skýrslu um allar kaupgreiðslur til gjaldanda hér á burtfararárinu til brottfarardags.

6. gr.

8. gr. laganna hljóði svo:

Skattstofa eða skattanefnd ákveður tekjuskatt gjaldanda af tekjum hans hér á burtfararárinu, frá komudegi til brottfarardags, og tilkynnir kaupgreiðanda, gjaldanda sjálfum og innheimtumanni skatts um álagninguna þegar í stað.

7. gr.

9. gr. laganna verði svo hljóðandi:

Tekjuskattur þeirra, sem hér um ræðir, ákveðst þannig: Hreinar tekjur gjaldanda, deilanlegar með 50, margfaldast með tölunni 12 og deilast síðan með fjölda þeirra mánaða, er hann hefur dvalizt hér á burtfararárinu. Brot úr mánuði telst heill mánuður.

Þegar tekjufjárhæð hefur verið hækkuð samkvæmt ofangreindu hlutfalli, skal tekjuskattur reiknaður eftir þeim reglum, sem ákveðnar eru í 14. gr. laga nr. 20 frá 1942, þó án þess að persónufrádráttur sé leyfður.

Tekjuskatturinn reiknaður samkvæmt framansögðu deilist með tölunni 12 og margfaldist með fjölda þeirra mánaða, sem gjaldandi hefur dvalizt hér á burtfararárinu. Tekjuskatturinn má þó aldrei vera lægri en 5% af skattskyldum tekjum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. október 1946.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Pétur Magnússon.

9. okt.

L Ö G

um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. l. nr. 18 24. marz 1944 verði svolatandi:

Þeir, er danskan ríkisborgararétt hafa öðlast samkvæmt þeim reglum, er giltu fyrir 9. apríl 1940, eða öðlast hann síðar eftir sömu reglum og búsettir voru á Íslandi 6. marz 1946 eða hafa verið þar búsettir einhvern tíma á síðustu 10 árunum fyrir þann tíma, skulu, þegar þeir dvelja hér á landi, njóta þess jafnréttis við íslenska

ríkisborgara, er þeim var áskilið í 6. gr. sambandslaga Íslands og Danmerkur 30. nóv. 1918.

85

9. okt.

2. gr.

Meðan eigi er lokið samningum þeim, er nú standa yfir vegna niðurfellingar dansk-íslenska sambandslagasamningsins 30. nóvember 1918, heimilast ríkisstjórn Íslands að gera þær ráðstafanir, sem þörf er á til að láta Færeyinga halda þeim rétti, er þeir hafa haft til fiskveiða með handfæri á þilskipum með eða án gangvéla og opnum bátum hér við land fyrst um sinn, þó eigi lengur en til ársloka 1947.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. október 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

L Ö G

um rannsóknarstofnun háskólans í búfjármeinafræði.

86

9. okt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Að Keldum í Mosfellssveit skal stofna rannsóknarstöð, er vinni að rannsóknum á búfjárjúkdómum og öðrum skyldum verkefnum, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Stofnun þessi nefnist: Rannsóknarstofnun háskólans í búfjármeinafræði, og skal hún lúta læknadeild háskólans.

2. gr.

Menntamálaráðherra heimilast, að fengnum tillögum læknadeildarforstöðumanns og yfirdýralæknis, að ráða til stofnunarinnar dýralækna og sérfræðinga, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum hverju sinni.

3. gr.

Menntamálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum læknadeildar háskólans, hversu margir dýralæknar og aðrir sérfræðingar vinni við stofnunina og skipar þá, að fengnum tillögum forstöðumanns og yfirdýralæknis.

4. gr.

Forstöðumaður tekur laun eftir 5. flokki launalaga, en aðrir sérfræðingar samkvæmt 6. flokki. Laun annarra starfsmanna ákveðast af forstöðumanni, að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins.

5. gr.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum læknadeildar háskólans og tilraunaráðs búfjárræktar, reglugerð um starfsemi og starfssvið rannsóknarstofnunarinnar, shr. 1. gr.